

Fullyrðingar um skyndihjálp - Verkefni

Hér eru nokkra rangar fullyrðingar um skyndihjálp. Prófaðu að spyrja skólafélaga þína þessara spurninga. Veldu svo eina fullyrðingu og búðu til stuttan leikþátt þar sem sannleikurinn kemur í ljós.

> Best er að stöðva blóðnasir með því að halla höfðinu aftur.

NEI ÞETTA ER RANGT: Ef þú hallar höfðinu aftur þá lekur allt blóðið beint ofan í öndunarveginn. Betra er að klemma saman mjúka hluta nefsins og halla sér fram.

> Það er alger óþarfi að læra skyndihjálp – best er að hringja bara í Neyðarlínuna 1-1-2 og það berst hjálpar innan 5 mínútna.

NEI ÞETTA ER RANGT: Allir geta lært lífsbjargandi atriði skyndihjálpar. Það tekur sjúkrahól a.m.k. 5-7 mínútur að komast á vettvang, það sem gert er á fyrstu mínútunum eftir slys getur skipt sköpum fyrir útkomuna.

> Ef einhver tekur inn eitru er best láta hann strax kasta upp.

NEI ÞETTA ER RANGT: Ef fingrinum er stungið ofan í kok og viðkomandi andar geta uppköstin stíflað öndunarveginn. Ef um ertandi eitruferni er að ræða er óæskilegt að láta eitrið fara tvisvar sinnum um öndunarveginn. Betra er að reyna að finna út hvað viðkomandi tók inn og leita til sérfræðinga. Nauðsynlegt er að geyma umbúðir utan af eitruinu.